



Ársskýrsla 2021

Bæjarstjóri

Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2021

Bæjarstjóri

Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 1. febrúar 2022

Hugleiðing bæjarstjóra

Árið 2021 var fyrir margra hluta sakir frábrugðið öðrum í störfum mínum sem bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Sá hluti starfsins sem snýr að almannavörnum og neyðarstjórn tók mun meiri tíma en áður. Ástæðan voru jarðhræringar og eldgos í næsta nágrenni drjúgan hluta ársins til viðbótar við heimsfaraldur Covid19. Uppfæra þurfti viðbragðs- og rýmingaráætlanir einstakra stofnanna, hverfa og sveitarfélagsins í heild og tókst sú vinna með miklum ágætum. Ein „skrifborðsæfing“ með viðbragðsaðilum fór fram á árinu en gera þarf gangskör í því að kynna allar þessar viðbragðsáætlanir miklu betur fyrir íbúum. Önnur verkefni sem vert er að nefna eru t.d. vinna við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, áframhaldandi framkvæmdir við Stapaskóla, breytingar á útisvæði Sundmiðstöðvarinnar við Sunnubraut, nýr gervigrasvöllur vestan Reykjaneshallar, endurskoðun aðalskipulags og vinna við stefnumörkun í mörgum málaflokkum m.a. menntamálum og umhverfismálum. Þá fór töluvert þúður í undirbúning innleiðingar nýrra laga í nokkrum málaflokkum s.s. félagsþjónustu og fræðslumálum. Um allt þetta má lesa nánar í ársskýrslum einstakra sviða og deilda.

Samstarf og vinna í bæjarstjórn og bæjarráði gekk vel og góð samstaða í ýmsum framfaramálum. Rekstur sveitarfélagsins gekk betur en áætlanir gerður ráð fyrir. Atvinnustig svæðisins fór batnandi eftir mikið atvinnuleysi sem m.a. mátti rekja til mun minni starfsemi á Keflavíkurflugvelli vegna heimsfaraldursins. Reykjanesbær nýtti stuðning og úrræði ríkisins í gegnum Vinnumálastofnun vel og skapaði fjölmörg störf á ýmsum sviðum. Það gerði sveitarfélaginu kleift að ráða mun fleiri sumarstarfsmenn en áður og mörg verkefni litu dagsins ljós sem ella hefðu ekki verið unnin. Má þar m.a. nefna bráðskemmtileg verkefni listræns hóps ungmenna sem setti svip sinn á bæinn undir yfirskriftinni „Hughrif í bæ“.

Undirritaður tók sæti í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar; KADECO á árinu ásamt því að sitja í stjórn Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs. Á vettvangi beggja þessara félaga er unnið að mikilvægum framfararmálum svæðisins.

Samstarf í 8 manna framkvæmdastjórn Reykjanesbæjar, sem skipað er æðstu stjórnendum helstu málaflokka, gekk mjög vel og mörgum framfaramálum hrundið í framkvæmd.

Ég vil þakka kjörnum fulltrúum, starfsmönnum og íbúum öllum fyrir gott samstarf á árinu.

Efnisyfirlit

1. Hlutverk og skipulag	5
Hlutverk.....	5
Skipurit starfseininga.....	5
Aðstoðarmaður bæjarstjóra.....	6
Stefna Reykjanesbæjar til 2030	6
Ellefu aðgerðir í kjölfar stefnumörkunar 2020/2021.....	7
2. Reglubundin verkefni	7
Fjárhagsáætlunargerð	7
Starfsmannafundir	8
Stjórnendadagar	8
Bæjarráð	9
.....	10
Bæjarstjórn	10
Neyðarstjórn Reykjanesbæjar.....	10
Stjórn Keilis	10
Formaður stjórnar Almannaþingarinnar Suðurnesja (utan Grindavíkur)	11
Starfænt ráð á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.....	11
Verkefnastjórn Stapaskóla.....	11
3. Tilfallandi verkefni.....	13
4. Viðburðir, heimsóknir og samskipti.....	13
Viðtal við bæjarstjóra.....	13
Dæmi um ýmsa viðburði og heimsóknir.....	14
Fundir og ráðstefnur	14

1. Hlutverk og skipulag

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar er Kjartan Már Kjartansson og hefur hann gegnt þeirri stöðu frá árinu 2014. Hér fer á eftir samantekt á helstu viðfangsefnum í starfi bæjarstjóra Reykjanesbæjar árið 2021.

Hlutverk

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi þess og ber ábyrgð á að stjórnsýslulögum sé fylgt ásamt samþykktum bæjarstjórnar og ákvörðunum tengdum fjárhagsáætlun.

Skipurit starfseininga



Mynd 1

Í byrjun árs 2021 var Guðmundur Gunnarsson ráðinn inn til að styðja við endurskipulagningu á Velferðarsviði. Í kjölfar greininga m.a. hjá Líf og sál var ljóst að þörf var á breytingum. M.a. var unnið út frá nýju farsældarfrumvarpi og stigskiptingu þjónustu þegar horft var til nýja skipulagsins. Gunnar var við störf fram í júní og hófst innleiðing nýs skipulags með haustinu og er nú að mestu lokiði.

Aðstoðarmaður bæjarstjóra

Aðstoðarmaður bæjarstjóra hefur starfað frá hausti 2019 þegar nýtt stjórnskipulag tók gildi. Halldóra G. Jónsdóttir, viðskiptafræðingur með framhaldsmenntun í verkefnastjórnun, hefur gegnt því starfi. Aðstoðarmaður bæjarstjóra hefur m.a. það hlutverk að styðja bæjarstjóra við hans daglegu störf og sjá um eftirfylgni tilfallandi verkefna. Árið 2021 hafði aðstoðarmaður bæjarstjóra umsjón með fjölda tilfallandi verkefna auk aðkomu að stærri verkefnum í umboði bæjarstjóra:

- Starfsmaður Framtíðarnefndar Reykjanesbæjar
- Innleiðing grunnstefnu Reykjanesbæjar auk Heimsmarkmiða
- Stuðningur/verkefnastjórn við uppfærslu undirstefna Reykjanesbæjar
- Fulltrúi Reykjanesbæjar í Suðurnesjavettvangi: stýrihópi samráðsvettvangs um innleiðingu Heimsmarkmiða Suðurnesja
- Stýrihópur verkefnisins „Sterk framlína“
- Stýrihópur verkefnisins „Suðurnes til framtíðar“
- Stýrihópur verkefnisins „Endurbætur á húsnæði T12“
- Stuðningur við innleiðingu gæðahandbókar og seta í gæðaráði
- Stuðningur við nýtt starf sjálfbærnifulltrúa

Stefna Reykjanesbæjar til 2030

Í lok árs 2019 samþykkti bæjarstjórn nýja heildarstefnu fyrir Reykjanesbæ sem innihélt framtíðarsýn, sex stefnuáherslur og þrjú gildi ásamt því að hafa tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins er bæjarstjóri ábyrgur fyrir innleiðingu stefnunnar og að halda henni á lofti í gegnum alla starfsemina. Til að innleiða stefnuna markvisst voru 11 lykil aðgerðir tengdar við stefnuáherslurnar sex og sett fram markmið um að ljúka þeim verkefnum fyrir árslok 2021. Öllum markmiðum var náð fyrir lok ársins þó einhver verkefni lifi áfram. Vinna við að setja niður önnur markmið sem hafa beina tengingu við stefnuna stendur yfir þegar þetta er ritað í upphafi árs 2022. Þrjú gildi fylgja stefnunni; virðing, eldmóður og framsækni og leggur



bæjarstjóri áherslu á að halda þeim á lofti svo þau endurspeglar í menningu, þjónustu og vinnubrögðum í gegnum alla starfsemi sveitarfélagsins.

Ellefu aðgerðir í kjölfar stefnumörkunar 2020/2021

1. Bæta almenningssamgöngur með skilvirkara leiðarkerfi og aukinni tíðni. Kerfið nýtist fyrir íbúa í leik og starfi.
2. Hvatagreiðslur hækki og verði sambærilegar og hjá öðrum stærri sveitarfélögum landsins
3. Samþætta skólastarf barna í 1.- 4. bekk við íþróttir og tómstundir
4. Áfram verður unnið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í góðri samvinnu við íþróttafélög.
5. Opna ungbarnadeildir frá 18 mánaða aldri í a.m.k. tveimur leikskólum fyrir haustið 2021.
6. Styrkja fjölþætta heilsueflingu 65+ enn frekar til að fleiri íbúar taki þátt.
7. Uppbygging leiksvæða, hreystivalla, grænna svæða og göngustíga til að auka aðgengi íbúa að aðstöðu til útiveru.
8. Lækkun fasteignaskatta til þess að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum upp á starfsumhverfi sem stenst allan samanburð.
9. Auka þátttöku barna og ungmenna innflytjenda í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.
10. Hvatt verði til virkra samskipta milli ólíkra hópa m.a. með því að halda þjóðhátíðardag Pólverja hátíðlegan
11. Öll málaleitan íbúa sem má leysa í fyrstu snertingu verði leyst í fyrstu snertingu með öflugri ferlum og aukinni rafrænni þjónustu

2. Reglubundin verkefni

Fjárhagsáætlunargerð

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum ber sveitarfélögum að gera tvær fjárhagsáætlanir á hverju rekstrarári og skila til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Annarsvegar fjárheimildir fyrir næsta fjárhagsár og hinsvegar fjárhagsáætlun næstu þriggja ára þar á eftir. Bæjarstjóri ásamt fjármálastjóra ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar sem er umfangsmikil vinna á hverju ári.

Árið 2021 líkt og árið 2020 var sérstakt vegna óvenju mikillar óvissu um áhrif heimsfaraldursins og markast fjárhagsáætlun ársins 2022 m.a. af því.

Vorið 2021 hóf bæjarstjóri undirbúning á fræsluátaki með öllum stjórnendum sem koma að fjárhagsáætlunargerð hjá sveitarfélaginu. Markmiðið var að auka fjármála- og rekstrarkunnáttu allra stjórnenda hjá Reykjanesbæ sem höfðu og hafa enn mismikla þekkingu á fjármálum og rekstri. Í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var sett saman áætlun sem miðaði að því að greina núverandi þekkingu og færni stjórnenda og í kjölfarið bjóða upp á nokkur námskeið. Mikil ánægja var með þetta fræðsluátak og um 40 stjórnendur sem nýttu sér það.

Starfsáætlun og ársskýsla

Eitt af mikilvægum hlutverkum stjórnenda er að upplýsa um fyrirætlanir sínar og markmið en einnig að meta hvernig til tókst. Liður í þeirri vegferð er að gera starfsáætlun fyrir komandi ár og ársskýrslu að því loknu til að upplýsa um hvernig gekk. Þá var tekin ákvörðun um að gefa út samfélagsskýrslu samhliða útgáfu ársreiknings 2022 og er undirbúningur hennar hafinn.

Verkefnastjórnun og mælaborð í Power BI

Vinnu við innleiðingu verkefnastjórnunar var fram haldið undir stjórn Súlunnar. Lokið var við gerð handbókar í verkefnastjórnun og hún innleidd á árinu. Þá hafa fjölmörg mælaborð verið gerð í Power BI fyrir afmarkaðar deildir og svið og eldri uppfærð.

Starfsmannafundir

Líkt og árið 2020 voru tækifæri til þess að halda hefðbundna starfsmannafundi fá en þeir gluggar sem stóðu til boða voru nýttir. Þess á milli var tæknin nýtt til þess að ná til starfsmanna með pistlum og myndbandsupptökum sem birtust á Workplace, innri vef Reykjanesbæjar.

Stjórnendadagar

Síðustu ár hafa verið haldnir tveir stjórnendadagar á ári þar sem stjórnendur sveitarfélagsins koma saman, fá innblástur og stilla saman strengi í sameiginlegri vegferð að leiða starfsemina og hóp starfsmanna sveitarfélagsins í sömu átt. Heill dagur að vori og hálfur dagur að hausti.

Í ár var haldinn hálfur rafrænn dagur að vori og hálfur dagur í Stapa að hausti. Báðir dagar heppnuðust vel þó að flestir hafi verið sammála um að þeir fái meira út úr því að hittast í raunheimum.

Vinnustaðaheimsóknir

Í upphafi hvers árs hefur bæjarstjóri heimsótt allar starfstöðvar sveitarfélagsins, bæði til þess að taka púlsinn og fá að sjá og heyra hljóðið í starfsmönnum, en einnig til að fara yfir það markverðasta sem er í gangi hverju sinni. Árið 2021 náðist ekki af fara í þessar heimsóknir sökum heimsfaraldursins en í staðin var bæjarstjóri með starfsmannafundi á Workplace alla fimmtudaga í febrúar og hafði hver fundur ákveðið þema. Starfsmenn höfðu svo tæk á að setja inn spurningar sem þeim lá á hjarta. Í apríl tóku svo sviðstjórnarnir hver sinn fimmtudag á Workplace og fóru yfir helstu verkefni og áherslur síns sviðs.

Framkvæmdastjórn

Bæjarstjóri fer fyrir framkvæmdastjórn bæjarins þar sem sitja auk bæjarstóra, aðstoðarmaður bæjarstjóra, sviðsstjórar velferðar-, fræðslu- og umhverfissviðs ásamt fjármálastjóra bæjarlögmanni og forstöðumanni Súlunnar en þeir 3 síðast nefndu deila með sér hlutverki sviðsstjóra Stjórnsýslusviðs. Framkvæmdarstjórn fundar einu sinni í viku, á þriðjudögum kl. 8.15. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að fylgja eftir verkefnum, skiptast á upplýsingum úr starfseminni og vera til stuðnings og ráðgjafar fyrir hvert annað.

Í febrúar hafði bæjarstjóri frumkvæði að því að halda fjórar vinnustofur þar sem sviðstjórar unnu með fjögur lykilhlutverk leiðtoga auk þess sem þeir fengu 360° mat á störf sín. Vinnustofan var leidd af Guðrúnu Högnadóttur með efni frá Franklin Covey. Í kjölfar vinnustofunnar vann svo hver sviðsstjóri með efnið áfram niður á sitt svið. Auk vinnustofunnar fékk framkvæmdastjórn aðgang að umtalsverðu kennlufni af vef FC sem markmiðið er að vinna áfram með næsta árið.

Bæjarráð

Bæjarráð, ásamt bæjarstjóra, fer með framkvæmda- og fjármálastjórn bæjarfélagsins. Bæjarráð Reykjanesbæjar fundar einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 8.00, og hélt 51 fund árið 2021.

Bæjarstjórn

Bæjarstjóri situr fundi Bæjarstjórnar Reykjanesbæjar sem fer með æðstu stjórn bæjarfélagsins, mótar stefnur og setur reglur um stjórn og meðferð bæjarmála. Bæjarstjórn fundar kl. 17.00 fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Árið 2021 var haldinn 21 bæjarstjórnarfundur. Ungmennaráð Reykjanesbæjar hélt tvo fundi með bæjarstjórn, að vori og hausti.

Neyðarstjórn Reykjanesbæjar

Í upphafi heimsfaraldursins var sett á fót neyðarstjórn Reykjanesbæjar. Slík stjórn hafði ekki verið starfandi innan bæjarfélagsins áður og kom hún saman 16 sinnum á árinu. Nefndin hefur það hlutverk að samhæfa aðgerðir og grípa til ráðstafana þegar neyðarástand skapast, forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Bæjarstjóri er formaður Neyðarstjórnar.

Stjórn Keilis

Bæjarstjóri tók sæti í stjórn Keilis; miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, í maí 2018. Á árinu 2020 fór mikil orka og tími í fjárhagslega endurskipulagningu skólans til að tryggja rekstrargrundvöll hans til framtíðar. Það endaði með því að ríkið eignaðist meirihluta í Keili og sveitarfélögin á Suðurnesjum minnihluta. Ný 5 manna stjórn Keilis tók í kjölfarið til starfa og á bæjarstjóri sæti í henni fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum

Bæjarstjóri situr í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum sem sett var á laggirnar 2019 í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögu á Alþingi um erfiða stöðu á Suðurnesjum. Nefndinni er ætlað að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum og sitja fulltrúar ráðuneyta og sveitarfélaga á Suðurnesjum í nefndinni sem skilaði af sér skýrslu með 17 aðgerðum til að leggja grunn að viðspyrnu fyrir svæðið og efla samtal milli ríkis og sveitarfélaga. Verkefnastjórn er í þremur þessara aðgerða er í höndum Reykjanesbæjar og eru þau verkefni þegar farin af stað og verða unnin áfram á árinu 2022.

Formaður stjórnar Almannaþingar Suðurnesja (utan Grindavíkur)

Bæjarstjóri er formaður stjórnar Almannaþingar á Suðurnesjum, utan Grindavíkur, þar sem starfar sérstök nefnd. Í stjórn Almannaþingar sitja einnig fulltrúar Suðurnesjabæjar, Voga, lögreglu, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Landsbjargar, ISAVIA, Rauða krossins og fleiri aðila.

Starfænt ráð á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í lok október 2020 var stofnað Stafrænt ráð sveitarfélaganna. Landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefndu fulltrúa landshlutanna í ráðið og situr bæjarstjóri Reykjanesbæjar í ráðinu fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ráðið er stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til ráðgjafar í þróun stafrænnar þjónustu og er ætlað að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um sameiginlega stafræna þróun sveitarfélaga. Formaður ráðsins er Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, og starfsmaður ráðsins er Fjóla María Ágústsdóttir, starfsmaður Sambandsins.

Verkefnastjórn Stapaskóla

Bæjarstjóri situr í verkefnastjórn Stapaskóla. Fyrsti áfangi var tekinn í notkun á árinu 2020 og hófst skólastarf um haustið. Hafin er vinna við áfanga tvö sem er íþróttahús og sundlaug og gert ráð fyrir að framkvæmdum hans ljúki seinnihluta árs 2023.

Stýrihópur Ljósanætur

Bæjarstjóri á sæti í Stýrihópi Ljósanætur sem var felld niður á árinu 2021 líkt og 2020 vegna samkomutakmarkanna í kjölfar heimsfaraldurs Covid19.

Stjórn Kadeco

Bæjarstjóri tók sæti í stjórn Kadeco í apríl 2021 í stað Reynis Sævarssonar, verkfræðings hjá Eflu. Kadeco, í samstarfi við Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og ISAVIA, heldur utan um undirbúning gerð skipulags fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar í samvinnu við erlenda ráðgjafa. Áætlað er að fyrstu drög líti dagsins ljós í lok árs 2022.

Undirbúningsnefnd nýrrar heislugæslustöðvar

Bæjarstjóri ásamt skipulagsfulltrúa tók sæti í undirbúningsnefnd fyriirhugaðrar nýrrar heislugæslustöðvar í Reykjanesbæ ásamt fulltrúum HSS, Framkvæmdasýslu ríkisins og heilbrigðisráðuneytisins. Fyrsta hlutverk undirbúningsnefndarinnar var að velja staðsetningu fyrir heilsugæslustöðina og hefur henni verið valinn staður í Innri Njarðvík. Í kjölfarið þarf að breyta deiluskipulagi á lóðinni og stendur sú vinna yfir í byrjun árs 2022.

Bygginganefnd nýs hjúkrunarheimilis á Nesvöllum

Bæjarstjóri ásamt sviðsstjóra Umhverfissviðs og forstöðumanni öldrunarþjónustu hjá Reykjanesbæ eiga sæti í byggingarnefnd nýs 60 rúma hjúkrunarheimilis á Nesvöllum ásamt fulltrúum Hrafnistu og Naustavara sem eru systurfyrirtæki undir stjórn Sjómannadagsráðs. Verkefnið hefur tafist en er nú komið á góðan skrið. Áætlun gerir ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili taki til starfa síðla árs 2024 og þá flytjist 30 rúm, sem nú eru á Hlévangi, þangað.

3. Tilfallandi verkefni

Árið 2021 kom bæjarstjóri að mörgum öðrum ólíkum verkefnum af ýmsum stærðum og gerðum, m.a.:

- Beiðni Þorskahjálpar um yfirtöku Reykjanesbæjar á starfsemi Dósasels
- Framfaravog sveitarfélaganna
- Suðurnesjavettvangur
- Húsnæðismál Ráðhússins
- Endurbætur á húsnæði Myllubakkaskóla vegna rakaskemmda.
- Framtíðarskipulag og nýting nærsvæðis Keflavíkurflugvallar
- Öryggisvistun/-gæsla
- Úttekt á Velferðarsviði
- Sjóvarnargarðar í Njarðvíkurhöfn
- Lóðamál Norðuráls í Helguvík
- Ráðningu sjálfbærnifulltrúa til að hafa umsjón með umhverfis- og loftslagsmálum þvert á starfsemi sveitarfélagsins.
- Endurskoðun aðalskipulags
- Ráðning bæjarlögmanns
- Viðræður við BYGG um leikskóla í Hlíðarhverfi

4. Viðburðir, heimsóknir og samskipti

Samskipti og samvinna með kollegum í öðrum bæjarfélögum ásamt samtali við þingmenn og ráðherra er hluti af reglubundnum störfum og mikilvægt að halda góðum tengslum til að halda á lofti sjónarmiðum og hagsmunum sveitarfélagsins. Í aðdraganda alþingiskosninga var líka töluvert um að frambjóðendur í kjördæminu óskuðu eftir fundi með bæjarstjóra auk heimsókna á starfssöðvar. Í byrjun árs var forsíðuviðtal við bæjarstjóra í Sveitastjórnarmálum, tímariti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Viðtal við bæjarstjóra

Íbúum Reykjanesbæjar býðst að bóka viðtal við bæjarstjóra og er hann með fastan tíma fyrsta miðvikudag í mánuði. Árið 2021 hittu bæjarstjóri eða átti samtali í gegnum síma við fjölda íbúa með jafnmörg ólík erindi. Töluvert færri viðtöl fóru fram í ár þar sem sóttvarnarráðstafanir

settu strik í reikninginn og ekki var hægt að bjóða fólki í heimsókn stóran hluta af árinu en þegar strangar takmarkanir voru í gild var boðið upp á símaviðtöl.

Dæmi um ýmsa viðburði og heimsóknir

- Afhending Súlunnar, menningarverðlauna Reykjanesbæjar
- Uppskeruhátíð Fjölbætttrar heilsueflingar 65+ (Janusarverkefnisins)
- Erindi á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna “Fjárans áætlunin”
- Fundur Suðurnesjavettvangs um innleiðingu Heimsmarkmiðanna
- Heimsókn til tuttugu þúsundasta íbúa Reykjanesbæjar
- Heimsókn til fyrstu þrjú Reykjanesbæjar í 20 ár
- Opnun á Marriot hóteli
- Heimsóknir bæjarstjóra í fyrirtæki á svæðinu á árinu: Heimavellir – Icelandair, Dýralæknastofa Suðurnesja, HS Orka
- Heimsókn Katrínar Jakobsdóttir forsætisráðherra til Reykjanesbæjar
- Uppskeruhátíð “Allir með” verkefnisins
- Útskrift “Kjarnahóps til vellíðunar” á Ásbrú
- Formleg opnun fyrsta áfanga Stapaskóla
- Vígsla gervigrasvallarins og aðstöðu fyrir borðtennisfélag Reykjanesbæjar og Golfklúbbinn í fyrrum slökkvistöð við Hringbraut
- Móttaka fyrir aðila sem sjá um loftrýmisgæslu
- Heimsókn sendiherra Noregs á Íslandi til Reykjanesbæjar

Fundir og ráðstefnur

- Ársfundur Jöfnunarsjóðs
- Hafnarsambandsþing, í kjörnefnd
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna
- Aðalfundur SSS
- Mánaðarlegir fundir með forstjóra HSS
- Málþing velferðarstofu um sterka framlínu
- Vest Norden ferðakaupstefna sem haldin var í RNB

- Aðal- og ársfundir tengdra stofnanna og fyrirtækja
- Árlegur fundur bæjar- og sveitarstjóra var haldinn í Vestmannaeyjum 2021



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS